

Krossaspurningar (30%). Aðeins einn kross á við í hverri spurningu.

Sp. 1. Ef blóðsykur lækkar eykst seyti á eftirfarandi hormónum :

- Insúlíni.
- Glúkagoni.
- Sómatóstatíni.
- Adrenalíni.

Sp. 2. Bakterían Campylobacter jejuni veldur :

- lungnabólgu.
- þarmasýkingu.
- heimakomu.
- skarlatssótt.

Sp. 3. Í blóðvökvanum greinast prótein sem staðfesta drep, þau eru ?

- actínasi og mýosínasi.
- kreatínasi og aldósterón.
- kreatínkínasi og laktikhýdrógenasi.
- laktikhýdrógenasi og actínasi.

Sp. 4. Hvaða fullyrðing á við um psóríasis (blettahreistur) ?

- Mun fleiri konur greinast með sjúkdóminn en karlar.
- Sjúkdómurinn lýsir sér í tíðari frumuskiptingum ofan grunnþekju en eðlilegt er.
- Psóríasis smitast við snertingu.
- Sjúkdómurinn er ekki arfgengur.

Sp. 5. Vefjaummyndun

- er einkum fylgífiskur hormónabreytinga.
- er ótímabær fjölgun frumna í sjúkum vef.
- getur orðið í lifrarfrumum í kjölfar langvarandi áfengisneyslu.
- er alltaf fylgífiskur mikillar þjálfunar.

Sp. 6. Visnun frumna :

- er dæmi um aðlögun frumna að álagi.
- er alltaf fylgifiskur mikillar þjálfunar.
- á sér eingöngu stað við alvarlega og óafturkræfa frumulöskun.
- er ótímabær stækkun frumna í sjúkum vef.

Sp. 7. Nituroxíð í tóbaksreyk veldur :

- truflun á súrefnisflutningsgetu blóðs.
- lömum á bifhárurum í öndunarvegi.
- aukinni slímmyndun í lungum.
- hraðari púls og hækkun blóðþrýstings.

Sp. 8. Hvað er adenoma ?

- Beinæxli.
- Brjóskaexli.
- Kirtilæxli.
- Sléttvöðæxli.

Sp. 9. Kattarmjálmsheilkenni(Cri-Du-Chat syndrome) stafar af

- aukalitningi í 6. litningapari
- vöntun á litningabút í 5. litningapari
- aukalitningi í 4. litningapari
- vöntun á litningabút í 6. litningapari

Sp. 10. Paramyxóveira veldur

- mislingum.
- lömunarveiki.
- öndunarfærasýkingum í börnum.
- rauðum hundum.

11. (5%) Settu viðeigandi tölustaf úr dálki A fyrir framan það orð í dálki B, sem þú telur gefa rétta svárið. Athugið að í dálki B ganga þrjár möguleikar af.

A	B
1. ischemia	___bjúg
2. lipoma	___stífla
3. edema	___fæðingarblettur
4. neoplasia	___fituæxli
5. metastasis	___blóðpurð
6. stasis	___ofholdgun
7. tumor	___æxli
8. nevus	___meinvörp
9. keloid	___heilabólga
10. encephalitis	___heilablóðfall
	___nývöxtur
	___brjóskaexli
	___slit

12. (5%) Settu viðeigandi tölustaf úr dálki A fyrir framan það orð í dálki B, sem þú telur gefa rétta svárið. Athugið að í A dálki ganga þrjár möguleikar af.

A	B
1. Beinþynning	___hormónameðferð
2. Heimakoma	___nýrnaskemmdir
3. Hryggigt	___háþrýstingur
4. Heilahimnubólga	___eyðing á liðbrjóska
5. Iktsýki	___áfengisneysla
6. Þvagsýrugigt	___verkstol
7. Slitigt	___ljósfælni
8. Heilablóðfall	___þunglyndi
9. Alzheimers sjúkdómur	___heilabjúgur
10. Parkinsonsveiki	___öndunarerfiðleikar
11. Psoriasis	
12. Vefjagigt	
13. Heilabólga	

Spurningar (20%).

Sp. 13 (5%). Hver eru einkenni við heilahimnubólgu og hvernig er hún greind ?

Sp. 14 (5%). Berðu saman góðkynja og illkynja æxlisvöxt.

Sp. 15 (5%). Hvað hefur áhrif á dreifingu æxlisfrumna (meinvarpa) ?

Sp. 16 (5%). Hvað er samvægi og hvað er það sem viðheldur réttum blóðsykri ?

Svaraðu eftirfarandi spurningum á próförk.

Valspurning. (28%).

Sp. 17. Veldu **4 af 6** atriðum til að fjalla um. (7% hver liður.)

- Iktsýki, orsakir og einkenni.
- Heimakomu og hættur samfara henni.
- Orsakir frumulöskunar og fjallið um hvern þátt fyrir sig.
- Löskunaráhrif baktería og veira.
- Multiple sclerosis/ MS-sjúkdóminn.
- Þvagsýrugigt, orsakir og einkenni.

Ritgerðarspurning. (12%).

Sp. 18. Veldu **1 efni af 2** til að skrifa um :

- a) Parkinsonsveiki (lamariða) (Fjallið um sjúkdóminn, orsök hans og sjúkdómseinkenni).
- b) Slitgigt (Orsök, sjúkdómseinkenni og meðferð).

Gangi þér vel og kærar þakkir fyrir veturinn.
Inga Björg Ólafsdóttir